

44.tbl.

7. des. 2022

29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@jisl.is - s: 8953386



Aðventustund í Reykjavíðarkirkju

Sunnudaginn næstkomandi

11.desember klukkan 20:00

kveikjum við á aðventukertum í Reykjavíðarkirkju og
syngjum saman jólasöngva, heyrum jólasögu og
jólahugleiðingu og sitthvað fleira.

Eigum notarlega stund saman á aðventunni.
Verið velkomin!

sr. Örnólfur



Aðventustund Grenjaðarstað

Aðventustund verður á Grenjaðarstað næstkomandi sunnudag,
11. desember klukkan 15:00.

Kirkjukórinn syngur undir stjórn Attila Szebik.

Nemendur Tónlistarskólans leika á hljóðfæri.

Ræðumaður verður Stefán Magnússon,
kirkjubingsmaður, Fagraskógi.

Á eftir býður kirkjukórinn í kaffi í Hlöðunni.

Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.



Tilnefningar til umhverfisverðlauna 2022

Kæru sveitungar.

Umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar óskar eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna fyrir árið 2022. Óskað er eftir tilnefningum um einstaklinga, fyrirtæki, lögbýli eða stofnun sem eru til fyrirmynadar í umhirðu og umgengni síns nærumhverfs að ykkar mati.

Er þess óskað að þið að horfið í kringum ykkur og sendið til okkar tilnefningar með rökstuðningi af hverju viðkomandi skuli hljóta viðurkenningu.

Tilnefningar skal senda á anna@thingeyjarsveit.is eða skila inn á sveitarstjórnarskrifstofu í Kjarna, Laugum eða Hlíðarvegi í Reykjavík fyrir 21. desember nk.

Umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar

Bráðum koma blessuð jólin





Þingeyjarsveit

Auglýsing um deiliskipulag Fjósatungu í Fnjóskadal

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 30. nóvember 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi hluta jarðarinnar Fjósatungu í Fnjóskadal eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

Skipulagssvæðið afmarkast af hluta þess svæðis sem skilgreint er fyrir frístundabyggð á jörðinni skv. aðalskipulagi. Skv. gildandi aðalskipulagi er 61,2 ha svæði skilgreint sem frístundabyggð í Fjósatungu og er svæðið staðsett í hlíðinni sunnan við bæjarstæðið í Fjósatungu. Skv. aðalskipulagi nær svæðið að gili ofan bæjarhúsanna í Fjósatungu í norðri, að bakka neðan hlíðarinnar í austri, að Grjótá í suðri og upp í um 250 m hæð í vestri.

Viðfangsefni deiliskipulagsins er m.a. að afmarka lóðir og byggingarreiti ásamt því að skilgreina fyrirkomulag aðkomuvegar og önnur þau ákvæði sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi vegna uppbyggingar frístundaþuggðar í Fjósatungu í Fnjóskadal.

Gert er ráð fyrir 44 lóðum fyrir frístundahús á um 38 ha svæði. Af þessum 44 lóðum er gert ráð fyrir að 20 þeirra verði staðsettar á svæði með aflíðandi halla syðst á svæðinu en 24 lóðir í hlíðinni sunnan bæjarstæðis Fjósatungu.

Tillagan að breytingu mun liggja frammi á skrifstofum Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugum og Hlíðavegi 6, 660 Mývatn, frá og með mánudeginum 5. des 2022 með athugasemdarfresti til og með þriðjudeginum 17. janúar 2023. Þá eru upplýsingar einnig aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar undir skipulagsmál.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út [briðjudaginn 17. janúar 2023.](#)

Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Hlíðarvegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið atli@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Atli Steinn Sveinbjörnsson
Skiplagsfulltrúi Þingeyjarsveitar



Jólagleði eldri borgara Þingeyjarsveit

Síðasta samvera fyrir jól verður
þriðjudaginn 13. desember kl. 17 að Ýdöldum

Tveggja rétta kvöldverður, lifandi tónlist og almenn
skemmtilegheit verða á boðstólnum.

**Aðalrétturinn verður í boði Kvenfélags Aðaldæla
og kostar miðinn aðeins 1000 kr.**

**Pantanir þurfa að berast fyrir
miðvikudagskvöldið 7. desember**
Hanna Magga (863 3381)
Svana (898 0463)

P.s. Barinn verður opinn svo endilega sameinist í bíla

Jólagleðin er fyrir 60 ára og eldri,
sjáumst sem allra flest og eignum notalega
kvöldstund saman

Bestu kveðjur, Hanna Magga og Svana



Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestari vikur ársins,

Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Verðskrá:

Hálf síðu auglýsing	kr. 4.200.- m.vsk
Heil síðu auglýsing	kr. 6.100.- m vsk.
Jólakveðja 1/3 bls	kr. 3.000.- m.vsk.

Ath! Síðasta Hlaupastelpa ársins 2022 kemur út 21.desember og verða jólkveðjur birtar í þeirri hlaupastelpu.
Fyrsta Hlaupastelpa ársins 2023 kemur út 4.janúar.

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386



Jólamarkaður í Vaglaskógi

Hinn árlegi jólamarkaður verður í Vaglaskógi
laugardaginn 10. desember frá kl. 13.-17.

Ymiskonar handverk, matvara og fleira til sölu. Einnig
verður hægt að kaupa jólatré,
greinar, arinvið og fleira úr Vaglaskógi.

Nemendur úr Stórutjarnaskóla verða með kaffisölu
fyrir ferðasjóð sinn.
Sjáumst í jólaskapi í skóginum!

Skógræktin Vögnum.





Sunnudagaskóli Grenjaðarstað

Sunnudagaskóli verður á Grenjaðarstað næstkomandi sunnudag 11. desember klukkan 11:00.

Söngur, brúðuleikrit, leikir og sögur.
Verið öll velkomin!

Tora og Þorgrímur.



Þorrablót Aðaldæla

Verður haldið að Ýdöldum



laugardagskvöldið 4. febrúar 2023

Takið kvöldið frá - nánar auglýst síðar

Nefndin

Ekki láta þetta fram hjá ykkur fara!

Tónasmíðjan
kynnir

JÓLIN þín og mí...

Tónleikasýning Tónasmíðjunnar og gesta

verður haldin í Húsavíkurkirkju
sunnudaginn 11. desember kl. 17:00

Þar munu hljóma falleg, vinsæl og sígild jólalög.
Stór hljómsveit, bakraddahópur og einsöngvarar ásamt
heiðursgestum spila og syngja inn jólín og
koma þér í hátiðarskap á aðventunni.

**Heiðursgestir: Stefánía Svavarsdóttir og
Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir**



Miðasala við innganginn aðeins 3000 krónur

Ágóði af sýningunni mun renna til Velferðarsjóðs Þingeyinga



FORVARNA- OG FRÆÐSLUSTAFF